



HRUNAMANNAHREPPUR

38. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 4. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 8. APRÍL 2021

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 8. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Ársreikningur 2020: Fyrri umræða.

Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn á fjárfundi undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2020, ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Afgreiðslu vísað til fundar sveitarstjórnar í maí. Sveitarstjórn þakkar Auðunni fyrir góða yfirferð.

2. KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2020.

Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, fór yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2020.

3. Lánasjóður sveitarfélaga: Lántaka Hitaveitu Flúða.

Oddviti kynnti lán sem er tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að fjármagna fjárfestingar Hitaveitu Flúða á árinu en um er að ræða græna lántöku. Veitustjórn hefur samþykkt lántökuna fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Hitaveitu Flúða og nágrennis hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 60.000.000,- með lokagjalddaga þann 23. mars 2040, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Þá hefur sveitarstjórn kynnt sér gildandi græna umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga og samþykkir að ráðstöfun lánsins falli að henni. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna tengingu hitaveitu að jarðhitakerfi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

4. Lánasjóður sveitarfélaga: Lántaka.

Oddviti kynnti lán sem er tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að fjármagna fjárfestingar sveitarfélagsins á árinu en um er að ræða græna lántöku.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 53.000.000,- með lokagjalddaga þann 23. mars 2040, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggur fyrir á fundinum og sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Þá hefur sveitarstjórn kynnt sér gildandi græna umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga og samþykkir að ráðstöfun lánsins falli að henni.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á hreinsistöð og blágrænum ofanvatnslögnum sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

5. **Samstarfssamningur um sameiginlegan seyrurekstur.**

Oddviti kynnti endurnýjun á samstarfssamningi um sameiginlegan seyrurekstur milli Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

6. **Margrét Eyfells: Beiðni um lóðaleigusamning í Kerlingarfjöllum.**

Oddviti kynnti beiðni frá Margrétu Eyfells um að henni verði úthlutað lóðum undir hús í Ásgarði í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í samráðsnefnd um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlýsingarsvæðið í Kerlingarfjöllum samhliða umfjöllun um önnur lóðarlaus hús sunnan Ásgarðsár.

7. **Ásastígur 6b.**

Oddviti fór yfir stöðu varðandi íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins að Ásastíg 6b á Flúðum en fyrir liggur að núverandi húsaleigusamningur rennur út 30 júní n.k. Sveitarstjórn samþykkir að setja Ásastíg 6b á sölu og felur sveitarstjóra tilkynna leigjanda um ákvörðunina og setja sölufarlið af stað. Jafnframt er oddviti og sveitarstjóra falið að taka saman mögulegar hugmyndir að framtíðaruppbyggingu félagslegra íbúða.

8. **Staða garðyrkjunáms á Íslandi.**

Oddviti fór yfir stöðu garðyrkjunáms á Íslandi en óvissa hefur verið með framtíð Garðyrkjuskólans á Reykjum og fyrirkomulag um rekstur hans.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að tryggð sé framtíð garðyrkjunáms að Reykjum í Ölfusi. Tryggja verður nauðsynlega fjármögnun og örugga starfsaðstöðu til að garðyrkjunám geti vaxið og dafnað á Reykjum. Garðyrkjunám er mikilvægt fyrir atvinnulíf í Hrunamannahreppi, sem á hefur að skipa stórum og miklum garðyrkjuframleiðendum, sem og fyrir landið allt. Sjálfbærni landsins og fæðuöryggi er markmið í sjálfu sér og að efla framleiðslu og nýsköpun í garðyrkju styður aðgerðir varðandi loftslagsmál. Sveitarstjórn telur jafnframt að starfsemi skólans sé best komin í höndum FSu og að skólinn ráði yfir þeim mannvirkjum á Reykjum sem nauðsynleg eru vegna námsins.

9. **Dýraverndunarfélagið Villikettir: Styrkbeiðni.**

Oddviti kynnti beiðni frá Villiköttum á Suðurlandi um styrk fyrir útlögðum kostnaði vegna umönnunar villikatta í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja félagið um kr. 45.000 vegna verkefnisins og bókast það af lið 0880. Samhliða verði farið í að endurskoða samþykktir um hunda- og kattahald.

10. **Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Breytingar á stjórn.**

Oddviti fór yfir breytingar sem þarf að gera á atvinnu-, ferða- og menningarnefnd vegna óskar Arons Nökkva Ólafssonar formanns um að stíga til hliðar. Sveitarstjórn samþykkir að Hanna Björk Grétarsdóttir verði skipaður formaður, Daði Geir Samúelsson skipaður sem aðalmaður í nefndina og Sigurður Sigurjónsson verði skipaður varamaður í hans stað. Sveitarstjórn þakkar Aroni Nökkva fyrir góð störf.

11. **Ljónastígur 8: Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti beiðni frá fasteignasöluinni Fannborg þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ljónastíg 8, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ljónastíg 8 í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4182 skv. samþykktum kaupsamningi um eignina.

12. **Íslenska gámafélagið: Sorphirða í Hrunamannahreppi. Ársskýrsla 2020.**

Oddviti kynnti skýrslu fyrir sorphirðu ársins 2020 frá Íslenska gámafélaginu. Sveitarstjórn þakkar fyrir skýrsluna og vísar málinu til umhverfisnefndar.

13. **Bændasamtök Íslands: Áskorun til sveitarfélaga um að nota innlend matvæli í skólamáltíðir.**
Oddviti kynnti áskorun frá Bændasamtökum Íslands um að nota innlend matvæli í skólamáltíðir. Sveitarstjórn tekur undir áskorunina og vísar erindinu til skólanefndar.
14. **Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið: Reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti aukinn stuðning við úrbætur í aðgengismálum fatlaðs fólks skv. reglugerð um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að sækja um styrk í sjóðinn til að koma upp lyftu í Félagsheimilinu til að bæta aðgengi fatlaðra að bókasafninu.
15. **Ruslamálaráðherra 2021.**
Oddviti kynnti að Kristófer Ómar Emilsson sjái sér ekki fært að taka að sér embætti ruslamálaráðherra. Sveitarstjórn samþykkir að Gunnlaugur Emilsson verði skipaður sem ruslamálaráðherra 2021.
16. **Störf án staðsetningar.**
Oddviti kynnti fyrirspurn frá SASS um húsnæði undir verkefnið störf án staðsetningar. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að vinna að mögulegum lausnum í þessu sambandi.
17. **Vegagerðin: Eldri brú á Stóru-Laxá.**
Oddviti kynnti erindi frá Vegagerðinni um hvort núverandi brú yfir Stóru-Laxá eigi að fá nýtt hlutverk sem reið- og gönguleið og fari í umsjón sveitarfélagsins. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að ræða við Vegagerðina um yfirtökuna að gefnum ákveðnum forsendum um ástand og önnur atriði tengdri mögulegri yfirtöku.
18. **Miðfellshlaupið 2021: Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk til að halda Miðfellshlaupið 2021 sem felst í að þátttakendur fái frítt í sund og afnot af hreppsbíl, aðstöðu í íþróttahúsi og íþróttavelli. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og samþykkir beiðnina. Kolbrún víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
19. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.
20. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum.
21. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblaðið og aukatekjur ríkissjóðs.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblaðið og aukatekjur ríkissjóðs.
22. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um brottfall laga um Kristnisjóð.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um Kristnisjóð.
23. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
24. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísanir, dvalar- og atvinnuleyfi).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísanir, dvalar- og atvinnuleyfi).

25. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað).
26. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnarstig o.fl.).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnarstig o.fl.).
27. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá frumvarp til laga um réttindi sjúklinga.
28. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins (samþætting þjónustu, hlutverk o.fl.).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá frumvarp til laga um greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins (samþætting þjónustu, hlutverk o.fl.).
29. **Stjórnskipunar og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni frumvarp til laga um breytingu á lögum kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998 með síðari breytingum (kosningaaldur).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998 með síðari breytingum (kosningaaldur).
30. **Stjórnskipunar og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr.35/2000 (fjölgun jöfnunarsæta).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.
31. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði þriðjudaginn 4. maí nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

32. **Veitustjórn. Fundargerð 27. fundar frá 22. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 27. fundar veitustjórnar frá 22. mars s.l. Farið var yfir ársreikning Hitaveitu Flúða og Hrunaljóss fyrir árið 2020 og þeir samþykktir. Farið var yfir rekstrarniðurstöður vatns- og fráveitu fyrir árið 2020 og kynnt mál vegna útboðs vegna lagningar hitaveitu frá Kópavatnsholu að Flúðum og útboð vegna vatnstanks í Berghylsfjalli. Þá var fjallað um lántöku Hitaveitu Flúða að fjárhæð kr. 60. millj. hjá Lánasjóði Sveitarfélaga og hún samþykkt. Þá var fjallað um vatnsframkvæmdir í Auðsholti og Sandlækjaholti. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninga 2020 fyrir Hitaveitu Flúða og Hrunaljós en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
33. **Veitustjórn Fundargerð 28. fundar frá 7. apríl.**
Oddviti kynnti fundargerð 28. fundar frá 7. apríl s.l. Farið var yfir útboð vegna lagningar á hitaveitu frá Kópavatnsholu og lagna- og jarðvegsframkvæmdir í Garðastíg og tengdar framkvæmdir en samþykkt var að bjóða út framkvæmdir en gert ráð fyrir áfangaskiptingu verksins þannig að verklok verði sumarið 2022. Þá var fjallað um útboð vegna vatnstanks í Berghylsfjalli þar sem gert var ráð fyrir að verklok geti verið á árinu 2022 og samþykkt að bjóða verkið út. Þá var fjallað um kautilboð í 22,83% hlut í Hitaveitu Grafarhverfis ehf en sveitarfélagið á hlutfallslegan forkaupsrétt en veitustjórn lagði til að sveitarstjórn nýti sér forkaupsrétt sinn.
Sveitarstjórn samþykkir áfangaskiptingu vegna lagningar á hitaveitu frá Kópavatnsholu og lagna- og jarðvegsframkvæmdir í Garðastíg og áfangaskiptingu vegna framkvæmda vegna vatnstanks í Berghylsfjalli.
Sveitarstjóri fór yfir kautilboð Bláhvers ehf í 22,83% í hluta fimm hluthafa í Hitaveitu Grafarhverfis ehf en tilboðið hljóðar upp á kr. 8.839.258. Þá var upplýst

að stjórn Hitaveitu Grafarhverfis hefur tekið ákvörðun að félagið nýti sér ekki forkaupsrétt heldur vísar því til einstakra hluthafa.

Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir að nýta sér forkaupsréttinn, bæði hvað varðar grunnforkaupsrétt og að öllum þeim hlutum sem aðrir forkaupshluthafar nýta sér ekki enda vill sveitarstjórn tryggja hagsmuni sveitarfélagsins og hvernig sameiginlegum auðlindum samfélagsins sé ráðstafað. Gera þarf viðauka við fjárhagsáætlun þar sem kostnaði vegna kaupanna er mætt með lækkun á eigin fé. Jón Bjarnason samþykkir ekki að nýta forkaupsréttinn og hefði talið réttast að rætt hefði verið við forsvarsmann Bláhvers ehf áður en ákvörðun hefði verið tekin.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

34. Fundargerð 213. fundar skipulagsnefndar frá 10. mars s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 213. fundar skipulagsnefndar frá 10. mars og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 22. Grafarbakki 2, Laufskálabyggð: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Magnúsi Víkingi Grímssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarbakka II, Laufskálabyggð. Í breytingunni felst m.a. að felld er út 6 metra breið landræma á milli lóða 7 og 9 sem hafði verið sett inn í fyrri deiliskipulagsbreytingu. Lóð nr. 9 stækkar sem nemur breytingu. Staðsetning rotþróar færast til og sett er kvöð á lóðir 7 og 9 um aðkomu þjónustubíla að rotþró og siturlögn. Málinu var frestað á 200. fundi skipulagsnefndar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytingar á deiliskipulagi svæðisins og málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 25. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. mars s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. mars

35. Fundargerð 214. fundar skipulagsnefndar frá 24. mars s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 214. fundar skipulagsnefndar frá 24. mars og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 22. Syðra-Langholt 4, grjótnáma: Deiliskipulag.

Lögð er fram umsókn frá Sigurði Ágústssyni er varðar deiliskipulagningu grjótnámu í landi Syðra-Langholts 4. Náman er skilgreind á aðalskipulagi Hrunamannahrepps sem náma E-31. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á námusvæði sem nær yfir um 6.500 m² og heildarefnistöku allt að 45.000 m². Jafnframt er gert grein fyrir áfangaskiptingu efnistökkunnar og umhverfisáhrifum. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur málsins liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur málsins liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins

Mál nr. 27. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. mars s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. mars

36. Stjórn UTU bs. Fundargerð stjórnar UTU bs frá 24. febrúar 2021.

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar UTU bs frá 24. febrúar s.l. Þar var fjallað um rafrænar undirskriftir fundargerða, drög að samþykktum UTU vegna stöðuleyfa og gjaldskrá UTU. Þá var fjallað um aðgengi starfsmanna UTU að líkamsræktarsal á Laugarvatni, styttingu vinnuvikunnar hjá UTU, tillögu að samkomulagi um vinnufyrirkomulag ritara UTU og afhendingu gagna.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

37. Stjórn UTU bs. Fundargerð stjórnar UTU bs frá 10. mars 2021.

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar UTU bs frá 10. mars s.l. Þar var fjallað um fyrirtækjaskrá, aðgengi starfsmanna UTU að líkamsræktarsal á Laugarvatni sumarlokun skrifstofu UTU og stafræna framtíð embættisins. Þá voru lögð fram drög að samþykktum UTU vegna stöðuleyfa og drög að gjaldskrá byggingarfulltrúa UTU.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar samþykktir UTU um stöðuleyfi og gjaldskrá byggingarfulltrúa UTU en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

38. Skólaþjónustu og velferðarnefnd Árneshöfn: Fundargerð 47. fundar frá 10. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 47. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar frá 10. mars s.l. Þar var fjallað um trúnaðarmál og stöðu málaflokka og farið yfir starfsmannamál.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

39. Oddvitanefnd UTU vegna seyrusamstarfsins. Fundargerð frá 10. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fundar oddvitanefndar UTU vegna seyrumála frá . Þar var fjallað um drög að endurnýjuðum samstarfssamningi sveitarfélaganna, starfsmannamál og fjárfestingu á Seyrustöðum. Sveitarstjórn fjallar um samtarfssamninginn undir lið 5 og samþykkir tillögu að fjárfestingu ársins en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

40. Oddvitanefnd Uppsveita. Fundargerð 7. fundar frá 29. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar oddvitanefndar Uppsveita vegna Laugaráslæknishéraðs. Þar var fjallað um ársreikning 2020, farið yfir gögn oddvitanefndar, erindi frá verndarsjóði Skálholtsdómkirkju og ferðamálafulltrúa Uppsveita.

Sveitarstjórn samþykkir að fara í greiningu á starfi ferðamálafulltrúa en fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Bergisinn bs. Fundargerð 27. fundar stjórnar frá 3. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Bergisinn bs. Fundargerð 28. fundar stjórnar frá 19. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Sorpstöð Suðurlands: SOS Fundargerð 300. fundar stjórnar frá 22. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 210. fundar stjórnar frá 12. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 11. fundar bygginganefndar frá 15. mars s.l

Lagt fram til kynningar.

f. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 19. fundar stjórnar frá 15. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

g. SASS: Fundargerð 568. fundar stjórnar frá 24. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

h. Styrktarsjóður EBÍ 2021.

Lagt fram til kynningar.

i. Skipholtskrókur: Nýr leiðangur.

Lagt fram til kynningar.

j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 896. fundar stjórnar frá 26. mars. s.l.

Lagt fram til kynningar.

k. Kerlingarfjallavinir: Fundargerð aðalfundar frá 22. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

l. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 44. fundar stjórnar frá 12. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

m. Skipulagsstofnun: Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Lagt fram til kynningar.

n. Skipulagsstofnun: Deiliskipulag Efri-Kisubotnar og Grákollur.

Lagt fram til kynningar.

o. Efla: Gröf gatnagerð. Verkfundir.

Lagt fram til kynningar.

p. Framkvæmdastjórn SI: Áskorun um endurákvörðun álagningar stöðuleyfisgjalda.

Lagt fram til kynningar.

q. Viljayfirlýsing um framtíðarskipan á verkefnum sem varasjóður húsnæðismála (VH) hefur haft með höndum.

Lagt fram til kynningar.

r. Jafnréttisstofa: Áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög.

Lagt fram til kynningar.

s. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 895. fundar stjórnar frá 26.febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

t. Landgræðslan: Úthlutun úr Landbótasjóði.

Lagt fram til kynningar.

u. Ferðamálastofa: Ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:40.